

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

#### *Breyting á deiliskipulagi Drottningarbrautarreits.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samþykkti þann 7. júní 2016 deiliskipulagsbreytingu fyrir Drottningarbrautarreit.

Breytingin nær til Hafnarstrætis 80 og aðliggjandi gatna og felur m.a. í sér að á lóðinni hækkar nýtingarhlutfallið úr 1,80 í 2,02 og er hótélherbergjum fjölgað. Ekki er gerð krafa um bílakjallara en 20 bílastæði skulu vera innan lóðar. Breytingar eru gerðar á aðliggjandi götum og bílastæðum.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi Innbæjarins.*

Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar samþykkti þann 7. júlí 2016 deiliskipulagsbreytingu fyrir Innbæinn.

Breytingin felur í sér að á lóð Aðalstrætis 4 eru heimilaðar 3 hótélíbúðir.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi Hagahverfis.*

Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar samþykkti þann 7. júlí 2016 deiliskipulagsbreytingu fyrir Hagahverfi vegna Nonnahaga 2.

Breytingin felur í sér að lóð nr. 2 við Nonnahaga og byggingarreitur lóðarinnar stækka lítillega til suðurs.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 8. júlí 2016,*

**Anna Bragadóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.